



Skólareglur Ártúnsskóla

Skólareglur:

Skólinn er vinnustaður nemenda. Þeir eru þar til þess að taka þátt í skólastarfi og auka þekkingu sína og víðsýni. Þeir þroska með sér þá eiginleika að fylgja fyrirmælum, bera virðingu fyrir öðrum, efla sjálfsaga og sjálfsvirðingu. Nemendur sýni í daglegu viðmóti umburðarlyndi, tillitssemi og jákvæða afstöðu til skólafélaga og skólastarfs.

Við nemendur í Ártúnsskóla:

- mætum stundvíslega í skólann og virðum skipulag skólastarfs.
- sýnum ávallt kurteisi og hlýðum starfsfólki skólans.
- leggjum okkur fram og vinnum verk okkar vel.
- göngum vel um skólann og umhverfi hans.
- sýnum tillitssemi og umburðarlyndi í garð hvers annars.
- höfnum ofbeldi og einelti.

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig

Almennar reglur

Stundvísi - mætingar

Nemendur skulu vera stundvísir. Við seinkomu skal gæta þess að engin truflun hljótist af. Foreldrar/forráðamenn tilkynni um forföll nemenda í Mentor/tölvupósti eða símleiðis áður en skóladagur hefst. Foreldri/forráðamaður skal láta skólann vita ef nemandi sem vegna veikinda þarf að vera inni í frímínútum. Óheimil fjarvist nemenda er á ábyrgð foreldra. Allar óskir um leyfi fyrir nemendur berist umsjónarkennara. Sé óskað eftir lengra leyfi en tveir dagar verður leyfisbeiðnin að berast umsjónarkennara á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans. Undanþága frá skólasókn er á ábyrgð foreldra.



Skólasókn

Í Ártúnsskóla er fylgt samræmdu viðmiði um skólasókn í grunnskólum Reykjavíkur. Viðmiðin má sjá á heimasíðu skólans.

Frímínútur - skólalóð

Nemendur mega ekki yfirgefa skólalóð nema að fengnu leyfi hjá umsjónarkennara. Hætta skal leikjum um leið og skólabjallan hringir og fara í raðir við anddyri. Samskipti nemenda í frímínútum skulu einkennast af félagsanda, tillitssemi og virðingum fyrir skólafélögum og starfsfólki skólans.

Nesti

Gætum þess að neyta hollrar fæðu í skólanum og komum með hollt og gott nesti. Í skólanum er ekki heimilt að vera með sælgæti (s.s. tyggigúmmí og gosdrykki).

Símar og önnur verðmæti

Ártúnsskóli er símalaus skóli og við notum ekki síma á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara. Skólinn tekur enga ábyrgð á sínum nemenda. Ekki er tekin ábyrgð á verðmætum (s.s. peningum, úrum og skartgripum) eða öðrum lausamunum sem nemendur kunna að taka með sér í skólann.

Bækur, námsgögn, heimanám o.fl.

Nemendur fari vel með öll námsgögn s.s. bækur, snjalltæki og tölvur og skili í lok skólaársins í góðu og nothæfu ástandi. Því er beint til foreldra að þeir fylgist reglulega með heimanámi barna sinna. Ártúnsskóli er skóli á grænni grein. Því fylgir sú ábyrgð að nemendur og starfsfólk séu meðvitaðir um verðmæti og nýti vel allt efni t.d mat, pappír, rafmagn og vatn.

Fatnaður

Nemendur komi snyrtilega til fara í skólann og búnir eftir veðri til að geta notið útivistar í frímínútum. Í Ártúnsskóla notum við skólapeysur, mælst er til þess að nemendur mæti í skólapeysunum sínum í skólann. Nemendur hugsi vel um eigin fatnað og skilji hann ekki eftir. Mikil verðmæti liggja í fatnaði og merktur fatnaður kemst til skila og glatast síður. Týnist fatnaður eða skemmist (skófatnaður meðtalinn) er það ekki bótaskyldt nema rakið verði til vanrækslu starfsfólks skólans.



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Hjólreiðar

Nemendur sem koma á reiðhjólum þurfa að hafa hjálm á höfði, hafa hjólin læst á skólalóðinni og ekki hreyfa þau fyrr en að skóladegi lýkur. Af öryggisástæðum er þess óskað að börnin komi ekki á reiðhjólum í skólann yfir veturinn. Ekki er hægt að geyma hjól, hlaupahjól og hjólabretti inni í skólanum og verða nemendur því að geyma þau utandyra. Skólinn ber ekki ábyrgð á reiðhjólum, hlaupahjólum og hjólabrettum sem nemendur koma á í skólann. Öll mál sem tengjast skemmdum verða foreldrar að gera upp sín í milli.

Skemmdir

Vinni nemendur skemmdir á skólanum eða eignum hans er það á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Viðurlög við brotum á skólareglum

[Reglugerð um skólareglur í grunnskóla.](#) Við brot á skólareglum skal ætíð ræða við nemanda og foreldra/forráðamenn.